

Umsókn um breytingu á skilmálum lífeyrissjóðsláns

Nafn lántaka	Kennitala
Heimili, póstnr.	
Netfang	Sími
Nafn samskuldara	Kennitala
Netfang	Sími

Upplýsingar um skuldabréf

Númer skuldabréfs	Útgáfudagur skuldabréfs
Upphafleg fjárhæð skuldabréfs	

Sótt er um breytingu á skilmálum láns

<input type="checkbox"/> breytingu á breytilegum vöxtum í fasta vexti <input type="checkbox"/> að breyta afborgunarláni í jafngreiðslulán (annuitet) <input type="checkbox"/> að breyta jafngreiðsluláni (annuitet) í afborgunarlán <input type="checkbox"/> fjölgun gjalddaga í 12 á ári <input type="checkbox"/> stytta/lengja lán í _____ ár, frá dagsetningu umsóknar

Sótt er um skuldbreytingu

<input type="checkbox"/> ég óska eftir því að vanskilum og kostnaði vegna viðkomandi láns verði bætt við höfuðstól lánsins. <input type="checkbox"/> afborgun fryst í _____ mán. frá dagsetningu umsóknar. Aðeins veitt í 1 ár. Vextir og verðbætur greiðast á tímabilinu. <input type="checkbox"/> Greiðsluhlé á afborgunum, vöxtum og verðbótum íbúðalána í þrjá mánuði frá móttökudagsetningu undirritaðrar umsóknar. Úrræðið virkar þannig að afborganir, vextir og verðbætur íbúðalána verða frystar í þrjá mánuði, þ.e. ekkert þarf að greiða af láninu næstu þrjá mánuði eftir undirritun og móttöku sjóðsins. Afborganir, vextir og verðbætur íbúðalána leggjast við höfuðstól til hækkunar á eftirstöðvum lánsins. Þessi hækkun á höfuðstól leiðir til þess að afborganir lánsins eftir að úrræðinu lýkur hækka. Lánstími lengist sem því nemur og því fjöldi gjalddaga óbreyttur. <input type="checkbox"/> Greiðsluhlé á afborgunum, vöxtum og verðbótum íbúðalána í sex mánuði frá móttökudagsetningu undirritaðrar umsóknar. Úrræðið virkar þannig að afborganir, vextir og verðbætur íbúðalána verða frystar í sex mánuði, þ.e. ekkert þarf að greiða af láninu næstu sex mánuði eftir undirritun og móttöku sjóðsins. Afborganir, vextir og verðbætur íbúðalána leggjast við höfuðstól til hækkunar á eftirstöðvum lánsins. Þessi hækkun á höfuðstól leiðir til þess að afborganir lánsins eftir að úrræðinu lýkur hækka. Lánstími lengist sem því nemur og því fjöldi gjalddaga óbreyttur.
--

Skýringar

- Val um lánstíma er 5 - 40 ár
- Jafngreiðslulán (annuitetslán) merkir að greiðsla við hvern gjalddaga er sú sama þannig að greiðslubyrði helst jöfn út lánstímann, án tillits til verðbóta.
- Afborgunarlán merkir jafnar afborganir af höfuðstól, þannig að að greiðslubyrði er þyngst fyrst en léttist svo eftir því sem líður á lánstímann.
- Kostnaður við hverja breytingu er samkvæmt gjaldskrá hverju sinni. Starfsfólk veitir nánari upplýsingar um kostnaðinn.

Leiði skilmálabreyting til meira en 20% hækkunar á reglulegum endurgreiðslum ber að meta lánshæfi og greiðslugetu umsækjanda sbr. lög nr. 118/2016 um fasteignalán til neytenda.

Fylgiskjöl með umsókn

- Launþegar: Launaseðlar síðustu þriggja mánaða
- Veðbókarvottorð: Fæst hjá sýslumannsembættum
- Fasteigna- og brunabótamat: Fæst hjá Þjóðskrá Íslands
- Eftirstöðvar áhvílandi lána og önnur áhvílandi veðbönd: Síðustu greiðslukvittanir lána eða staðfesting frá lánveitanda
- Vottorð um smíðatryggingu frá tryggingafélagi og foheldisvottorð frá viðkomandi byggingafulltrúa (ef við á)
- Ef sjálfstæðir atvinnurekendur og verktakar: Staðgreiðslufirlit frá RSK ásamt launaseðlum síðustu þriggja mánaða
- Staðfest afrit af síðasta skattframtali

Viðbótarupplýsingar ef vinna þarf greiðslumat

Umsækjandi/Umsækjendur óska eftir að greiðslumat verði framkvæmt hjá Söfnunarsjóði lífeyrisréttinda

- Já
- Nei

Viðbótarupplýsingar ef greiðslumats er óskað:

Fjöldi fullorðinna í heimili: _____ Fjöldi barna undir 18 ára aldri: _____
 Fjöldi barna á leikskóla/dagvistun: _____ Fjöldi barna í frístund eftir skóla: _____
 Fjöldi barna sem fá skólamáltíðir: _____ Fjöldi bifreiða: _____
 Fjöldi daga sem barn/börn dvelja á öðru heimili í hverjum mánuði: _____
 Aðrar upplýsingar sem lántaki vill koma á framfæri:

Fylgiskjöl með greiðslumati

- Staðfesting á öðrum tekjum, t.d. leigutekjur samkvæmt húsaleigusamningi, greiðslur frá fæðingarorlofssjóði, framfærslulán frá LÍN sem og föstum bótagreiðslum (ef við á).
- Staðfesting á eftirstöðvum og greiðslubyrði allra skammtíma- og langtímaskuldbindinga, s.s. fasteignalána, LÍN, raðgreiðslusamninga, bilalána o.s.frv.
- Staðfesting á föstum greiðslum, s.s. vegna meðlags- og lífeyrisgreiðslna, húsaleigubóta o.s.frv.
- Undirritað kauptilboð / kaupsamningur (ef við á).
- Veðbókarvottorð af öllum fasteignum í eigu lántaka
- Upplýsingar um ábyrgðarskuldbindingar
- Afrit af undirrituðu kauptilboði, bæði vegna sölu á fasteign og/eða fasteignakaupa.
- Ef um skilnað er að ræða þarf fjárskipta- og skilnaðarsamning staðfestan af sýslumanni
- Annað:

Lánað er gegn fasteignaveði sem nemur allt að 75% af nýlegum kaupsamningi eða fasteignamati, jafnframt innan við 100% af brunabótamati.

Samþykki fyrir öflun fjárhagslegra upplýsinga

Ég undirritaður/undirrituð veiti SL lífeyrissjóði (hér eftir SL), kt. 450181-0489 fullt og ótakmarkað umboð til að kalla eftir upplýsingum frá kröfuhöfum sem eru þátttakendur í Skuldastöðukerfi Creditinfo Lánstrausts hf. og skilar yfirliti sem m.a. inniheldur upplýsingar um fjárskuldbindingar mínar, þ.m.t. hvort um vanskil sé að ræða.

Umboð þetta veitir SL einnig heimild til að sækja upplýsingar um lánshæfismat mitt til Creditinfo Lánstrausts hf. Lánshæfismatið spáir fyrir um líkur á alvarlegum vanskilum í framtíðinni og byggir á upplýsingum sem Creditinfo Lánstraust hf. safnar og/eða miðlar, s.s. upplýsingum í vanskilaskrá, hlutafélagaskrá, skattskrá o.fl. Lánshæfismatið byggir á samkeyrslu gagna og getur innihaldið sögulegar upplýsingar, s.s. um stöðu vanskila og lánshæfismats.

Ennfremur veitir umboð þetta SL heimild til að sækja upplýsingar um eignastöðu mína, þ.e. fasteigna- og ökutækjaeign, í gagnagrunna Þjóðskrár Íslands og Samgöngustofu eða þess aðila sem á hverjum tíma telst ábyrgðaraðili umræddra upplýsinga skv. 6. tl. 1.mgr. 3 gr. laga nr. 90/2018.

Einnig veitir umboðið SL heimild til að sækja upplýsingar til Innheimtustofnunar sveitarfélaga um greiðslur meðlaga, þ.e. upplýsingar um mánaðarlega greiðslubyrði, samkomulög og greiðslustöðu, þar með talið hvort um vanskil er að ræða.

Ég undirritaður/undirrituð samþykki og heimila að framangreindar upplýsingar verði nýttar og sóttar í tengslum við ákvörðunartöku um lánsviðskipti, sem og við eftirlit í tengslum við slík viðskipti enda hafi SL lögvarða hagsmuni af notkun umræddra upplýsinga skv. 9. gr. laga nr. 90/2018.

Heimilt er að afturkalla samþykki þetta og skal slík afturköllun taka gildi þegar að SL hefur sannanlega móttekið slíka afturköllun. Þá fellur samþykki þetta úr gildi þegar lánsviðskiptum aðila lýkur. Fram til þess tíma hefur SL heimild til að sækja og nota þær upplýsingar sem samþykki þetta tekur til að fullnægðum þeim skilyrðum sem fram koma í samþykkisyfirlýsingu þessari.

Upplýsingar á grundvelli samþykkis þessa eru ýmist sóttar beint af lánveitanda til Creditinfo Lánstrausts hf., kt. 710197-2109, eða með milligöngu Creditinfo Lánstrausts hf. til þriðja aðila. Í þeim tilfellum sem gögn eru sótt af Creditinfo Lánstrausti hf. er þeim miðlað áfram til SL lífeyrissjóðs. Undirritaður/undirrituð samþykkir framangreinda öflun og miðlun upplýsinga.

Hvíli skyldur á Creditinfo Lánstraust hf. 710197-2109 og/eða á SL 450181-0489, samkvæmt lögum, reglum eða öðrum opinberum fyrirmælum, að miðla upplýsingum sem verða til við gerð greiðslumats til opinberra aðila, t.d. Seðlabanka Íslands og Ríkisskattstjóra, eru þær unnar og þeim miðlað í samræmi við lög og reglur sem gilda um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga.

Á vefsvæðinu creditinfo.is/mittcreditinfo má nálgast upplýsingar um allar uppflettingar. Á yfirliti uppflettinga kemur fram nafn þess lánveitanda sem flettir upp en í einhverjum tilfellum er Creditinfo Lánstraust hf. uppflettandi en þá felur samþykki þetta í sér heimild til félagsins að sækja upplýsingar og miðla þeim áfram til viðkomandi lánveitanda, sbr. framangreint.

Allar nánari upplýsingar um vörur og vinnslu persónuupplýsinga má finna á vefsvæði Creditinfo Lánstrausts hf., www.creditinfo.is.

Undirritaður/undirrituð lýsir/lýsa hér með yfir að hafa kynnt sér lánareglur SL og samþykkir/samþykkja skilmála um öflun og notkun gagna, sbr. ofangreint.

Staður, dagsetning

Staður, dagsetning

Samþykkt af hálfu sjóðsins

Undirskrift skuldara, kennitala

Hafnað af hálfu sjóðsins

Undirskrift samskuldara, kennitala

Undirskrift þinglýst eiganda, kennitala